

**G J A L D S K R Á**

fyrir

rafveitu í Stykkishólmi.

16

20. apríl

## 1. gr.

Verð á rafmagni til ljósa skal fyrst um sinn vera kr. 1,50 fyrir kilowattstund.

Verð þetta breytist í hlutfalli við það, sem stöðin ber sig og eftir því, sem rafveitunefndin ákveður í hvert skifti.

## 2. gr.

Rafmagnsgjaldið greiðist eftir hvern mánuð, og er fallið í gjalddaga síðasta dag hvers mánaðar. Sje gjaldið eigi greitt innan 5 daga eftir gjalddaga, má slíta sambandi við hlutaðeigandi notanda eftir skriflegri tilkynningu til hans eða húseiganda. Húseigandi ber ábyrgð á, að gjaldið sje greitt í tæka tíð.

Gjaldskrá þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvember 1915, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. apríl 1923.*

Kl. Jónsson.

---

*Vígfús Einarsson.*